

Skýrsla þjálfara íslenska landsliðsins - HM Berlín 2019

Höfundur: Sigurbjörn Bárðarson



Inngangur

Undirbúningur fyrir HM 2019 hófst formlega með Norðurlandamótinu á Margrétarhofi í Svíþjóð 2018. Þar var ákveðið form keyrt í gegn og búin til umgjörð í kringum landsliðið sem ekki hafði áður verið og í kjölfar þeirrar reynslu sem það skilaði voru teknar markvissar ákvarðanir að ferli HM 2019 í Berlín.



Þær miklu breytingar sem gerðar voru varðandi landslið Íslands hafa valdið straumhvörfum á mörgum sviðum í sambandi við knapa og þær breytingar sem fylgdu í kjölfarið að skipa í framtíðar landslið í hestaíþróttum, t.a.m. 20 manna hóp í meistaraflokki plús titilverjendur sem skipuðu landslið meistaraflokk og jafnframt skipun 15 manna ungmannahóps U-21, ungmannalandslíðs í hestaíþróttum sem spannar aldurinn 16-21 árs.

Undirritaður sat í landsliðsnefnd 2018 ásamt Arnari Bjarka Sigurssyni þegar samningar tókust við landsliðsnefnd um að ég tæki að mér stöðu sem þjálfari landsliðsins og hóf undirritaður þá strax að fylgja þeim hugmyndum eftir að skipa landslið í hestaíþróttum sem væri starfandi allt árið um kring samhliða að koma að vali U-21 landsliðs í samstarfi með Arnari Bjarka sem hafði haldið utan um og haft yfirumsjón með afrekshópum LH. Í kjölfarið hófst náið samstarf með Arnari Bjarka sem hefur staðið óslitið síðan og starfsvertvangurinn stöðugt stækkað. Arnar Bjarki er frábær starfsfélagi, traustur og skipulagður.

Tók landsliðsþjálfari að sér að setja upp verklagsramma fyrir landsliðið sem byggðist á margvíslegum þáttum sem vörðuðu atgervi knapa og hesta, sem var túlkað í víðum skilningi hvað

varðaði framfaraferli í eðli íþróttaiðkunnar t.d. líkams- og þrekmælingar, mataræði knapa, hópvinnu, nýjungar í framförum, fagfyrirlestra og markmiðssetningar svo eitthvað sé nefnt.

Kynning á vali í landsliðshópa LH fór fram 28. febrúar 2019 og er sá dagur táknaðinn hvað varðar straumhvörf í sögu LH þar sem formlega var skipað í landsliðshóp Íslands í hestaíþróttum sem er valinn til eins árs í senn.

Þjálfari valdi landsliðsknapa í meistaraflokk og jafnframt í U-21 hóp í samráði við Arnar Bjarka sem þar var í forsvari. Fylgt var fast eftir reglum ÍSÍ varðandi afreksstefnu. Við val landsliðsins var stuðst við forsendur leiðara sem landsliðspjálfari gaf sér til að flokka niður þá sem valdir voru.

Þriggja þrepa kerfi:

- Reiðmennska, árangur
- Mögulegur hestakostur
- Íþróttamannsleg framkoma

Mörg nöfn voru sett niður á blað sem komu til greina í vali til landsliðsins og með þessu fyrirkomulagi voru fundin þau nöfn sem prýða landslið Íslands á þeim forsendum sem gefnar voru til valsins.



Undanfari að vali landsliðsins

Eftir langar og strangar umræður landsliðsnefndar sem veltu upp kostum og göllum úrtökumóta var komist einróma að þeirri niðurstöðu að tvöfalt úrtökumót í því formi sem áður tíðkaðist yrði lagt af í þeirri mynd og jafnframt fengi landsliðsþjálfari óskorðað vald til þess að velja landsliðið í U-21 og meistaraflokk. Eins var ákveðið að skoðuð yrðu ákveðin mótt sem væri búið að tilkynna og færð fram með góðu millibili á vordögum 2019.

Landsliðsþjálfari gaf út hvaða mótt það væru í samráði við mótsaldara á hverjum stað, þar sem fylgt væri ýtrum kröfum WR móta varðandi keppnisfyrirkomulag, jafnframt yrðu þessi mótt tilkynnt opinberlega sem þungamiðja að vali landsliðsins fyrir HM 2019.

Lagt var upp með að velja stærstu viðburði í mótaðaldi ársins og voru 4 mótt þá þegar inni á borði, þau voru:

- **Stórmót Sleipnis á Selfossi**
- **Stórmót Spretts í Kópavogi**
- **Reykjavíkurmeistaramót Fáks í Reykjavík**
- **Íslandsmót í hestalíþróttum í Reykjavík**

Öll þessi mótt voru tilkynnt sem World Ranking mótt sem var forsenda til verksins. Ekki voru gerðar kröfur til knapa að þeir þyrftu að ríða öll mótin, en þjálfari myndi vera viðstaddir á þremur af þessum móttum sem hér hafa verið tilgreind og myndi fylgjast með ásamt sínum aðstoðarmönnum og meta árangur viðkomandi og byggja upp liðskjarna út úr þessum móttum ásamt stórmótum erlendis. Kynnt var fyrir Íslendingum sem búsettir eru erlendis, bæði þeir sem voru í landsliðinu og utan þess, hvaða mótt það væru sem landsliðsþjálfari legði áherslu á að þeir myndu mæta á til að hægt væri að meta stöðu þeirra til þátttöku í endanlegu landsliði Íslands.

Í kjölfarið sendi þjálfari tilkynningu á fjölmíðla að þeir sem áhuga hefðu á þátttöku myndu láta skrifstofu LH eða þjálfarana vita. Að öðru leiti myndu úrslit stórmóta hvort sem er berast til þjálfarans um þá knapa sem sköruðu fram úr sem kandídatar inn í landsliðið.



Mótaraðir og aðferðarfræðin við valið:

Eftir töluberða umhugsun voru 3 mótt valin sem skyldu vera í forgrunni:

- Stórmót Sleipnis Selfossi, WR.
- Reykjavíkurmeistaramótið í Rvík, WR.
- Íslandsmótið í Rvík, WR.

Byggðist það val fyrst og fremst á því að Sleipnismótið var tímanlega gagnvart HM og góður tími á milli þess og Reykjavíkurmótsins, jafnframt eru vallaraðstöður góðar á báðum þessum stöðum sem og staðarhaldarar tilbúnir að ganga að okkar kröfum um mótshaldið, og síðan Íslandsmótið í Rvík sem lokapunktur hér á landi fyrir knapana til að eiga möguleika á að kynna sig.

Það sem gerðist í kjölfarið á vali þessara keppnisstaða var að ofurskráning var á öll mótin, metaðsókn sem grundvallast af því starfi sem landsliðið kallaði fram með sinni umgjörð.

Áður en mótið á Selfossi fór fram voru fengnir tveir í viðbót í teymi, ásamt Arnari Bjarka, til að skoða útkomu þessa fyrsta móts. Áður hafði undirritaður og landsliðsnefnd ákveðið að bæta í hópinn þeim Antoni Páli Níelssyni og Sigurði Vigni Matthíassyni.

Þegar á mótsstað var komið var Anton Páll mættur þar sem aðstoðarþjálfari og tók hann virkan þátt í yfirferðinni á skoðun og mati á sýningum landsliðshópsins, U-21 og meistaraflokks, sem skráðir voru til leiks. Var hver sýning hvers landsliðsknapa tekin og metin og skrifaðar niður jákvæðar og neikvæðar lýsingar um hvað betur mætti fara og ráðgjöf. Stóð þessi vinna yfir í heila viku frá því snemma morguns til kvölds og verður að segja að landsliðspjálfara óraði aldrei fyrir umfangi verksins.

Þjálfari og aðstoðarmenn hans sátu í bíl sem mótshaldarar skölluðu og settu upp við besta stað við keppnisvöllinn, kjöraðstæður voru hvað varðaði veður og aðkomu að sýningunum. Þegar forkeppni var lokið á mótinu var ákveðið að kalla öll ungmennin til sem komust inn í úrslitin og þá landsliðsknapa sem ekki komust inn í úrslitin, ásamt forráðamönnum, á fund í félagsheimilinu á staðnum. Var farið yfir sýningar þeirra, bakstuðningur við þau til frekari hvatningar til betri árangurs í úrslitum. Jafnframt farið yfir sýningar þeirra sem ekki komust inn í úrslitin, var þeim einnig uppálagt að sinna heimavinnu sem þjálfarar lögðu upp með til þeirra allra.

Stærð fullorðinshópsins var slík þar sem um margar keppnisgreinar var að ræða og fjölda knapa, var öllum knöpum sendar upplýsingar í tölvupósti að loknu móti um sýningar þeirra hvað mætti betur fara og það sem vel var gert.

Þessi nýjung sem þarna var framkvæmd var tilraunaverkefni sem útheimti gífurlega einbeitingu og mikla vinnu og kom það sér vel að Anton Páll bættist í hópinn, því ekki var vanþörf á hans vinnuframlagi.

Í kjölfari Sleipnismótsins og eftir að búið var að senda út til allra knapa lýsingarnar og það sem er talið hér að ofan kom í ljós mikil ánægja innan landsliðshópsins með þetta nýja verklag.

Að fenginni reynslu að loknu Sleipnismótinu sem talið er eitt stærsta móti á þessum tímapunkti hafði landsliðspjálfari samband við formann Fáks og mótanefnd Reykjavíkurmótsins og fór þess á leit að fá sérstaka aðstöðu fyrir sig og starfslið sitt við bestu aðstöðu við keppnisvöllinn og íhlutaðist til um að fylgt væri eftir ströngustu lögum og reglum FEIF hvað varðar keppnisreglur, eins og sérstaka fótaskoðun, að upphitunarvöllur væri virtur og tímasetningar hafðar í hávegum

svo eitthvað sé nefnt. Öllum þessum beiðnum var tekið mjög jákvætt og fylgt eftir, nú var verkefnið frá Sleipnismótinu orðið enn nú þróaðra en þegar farið var af stað í byrjun.

Fékk landsliðsþjálfari og teymi hans heilt dómhús til umráða með frábæru útsýni á besta stað við völlinn þannig að vel fór um starfsmennina, ekki veitti af því nú keyrði um þverbak, þetta var stærsta mótt sem haldið hefur verið frá upphafi með yfir 800 skráningar.

Sami háttur var hafður á og á Selfossi en vegna tímaleysis og mikils vinnuálags var horfið frá því að kalla saman fund knapa U-21 eins og gert var fyrir úrslitin á Selfossi í staðinn var knöpum sendar lýsingar á sýningum þeirra hvað betur mætti fara.

Þetta var maraþonvika frá morgni til kvölds sem krafðist mikillar einbeitingar og nákvæmni þar sem þjálfarateymið dæmdi allar sýningarnar óháð því hvað dómarar voru að gera og komu með sitt eigið mat.

Eftir mótt var öllum keppendum U-21 og meistaraflokks sendir punktar um hvað betur mætti fara eftir að vinnan við yfirlestur og samhaefingar út úr dóum var lokið, sem þurfti að vinna í vikunni eftir mótið þar sem umfangið var svo mikið.

Allt of stutt var á milli Íslandsmótsins og Reykjavíkurmótsins sem var þriðja í röðinni og lokamótið sem þjálfari var búinn að gefa út sem aðalúttekt á vali landsliðsins og fór það fram með sama hætti og á mótunum sem hér að ofan greinir. Reyndist það enn eitt metþáttökumótið sem sjálfkrafa kallaði á enn nú meiri vinnu, varðandi textagerð, einbeitingu, dæmingar og ráðgjöf við mat á frammistöðu keppenda, sem þau fengu í kjölfarið eftir mótt.

Rétt er að geta þess að allar hringgreinar og skeiðgreinar félru undir þetta verklag. Vert er að hafa í huga að landsliðið sem er að fá umsagnir um keppnir sínar eru okkar fremstu reiðmenn í Íslandshestaheiminum sem kallar á markvissa og mjög ígrundaða framsetningu á texta um þeirra reiðmennsku.

Hvað mátti betur fara á framangreindum mótum:

- Kurteisi og framkoma sumra keppenda
- Virða reglur og keppnisfyrirkomulag
- T.d. upphitunarhringur (collecthringur) var ekki nægjanlega virtur
- Framkoma við starfsmenn
- Tímanlegar mætingar

Varðandi mótaröðina

Allt of stutt var á milli Reykjavíkurmeistaramótsins og Íslandsmótsins þar sem hestar náðu ekki fullri hvíld ef farið var á bæði mótin, ná ekki að laga það sem betur má fara á milli þessara móta.

Misskilningur var á meðal knapa á mótaröðinni þar sem margir hverjir töldu að engu móti mætti sleppa og val byggðist á dómsniðurstöðum allra móttanna. Val þjálfara á liðinu var ekki háð úrslitum einstakra greina heldur persónulegu mati á möguleikum viðkomanda á væntanlegu HM þó svo að það væri óneitanlega að hluta til viðmið sem tekið væri af útkomu út úr móturnum af stöðu hvers einstaklings. En ávallt er það ákvörðun hjá þjálfara á endanlegu mati með valið í landsliðið.

Val landsliðsins 2019

Strax og hugað var að vali í landsliðið voru grunnstoðir þegar til staðar í þeim fjórum titilhöfum sem áttu þá þegar sæti í liðinu frá HM 2017. Var gefin út krafa að þeir hestar sem þeir hugsuðu sér að nota lægju fyrir í síðasta lagi í maí 2019 en landsliðsþjálfari hafði þá þegar á haustdögum 2018 haft samband við þá formlega um að þeir undirbyggju strax sinn farveg með uppbyggingu á sínum hestakosti fyrir HM 2019 ef þeir þegar væru ekki búinir að verða sér úti um hross í verkefnið.



Tveir knapar voru strax í nánu sambandi við landsliðspjálfara, þeir Gústaf Ásgeir Hinriksson og Konráð Valur Sveinsson og fylgdist landsliðspjálfari mjög svo grannt með og mat stöðuna hjá þeim. Voru þeir hestar markvisst þjálfaðir fram að mótaröð 2019 sem voru viðmið að vali landsliðsins. Hinir tveir keppendurnir Jakob Svavar Sigurðsson og Máni Hilmarsson voru ekki með skýra mynd hvaða hross þeir leggðu fram og veitti landsliðspjálfari frekari frest til ákvarðanatöku.

Í ljósi aðkomu þessa titilverjanda, þurfti að liggja skýrt fyrir keppnisgreinar og hestakostur þeirra fyrir annað frekara val á landsliðinu þar sem það væri leiðandi að öðru vali landsliðsins.

Við lok Reykjavíkurmeistaramótsins lá nokkuð ljóst fyrir með hvaða hætti valið á landsliðinu lægi fyrir þar sem titilverjendur voru búinir að gefa út í hvaða greinar þeir myndu hefja keppni í. Var þá stutt í kynningu á landsliðinu sem var ákveðið að yrði 10. júlí en var síðan seinkað og ekki gefið út fyrr en þann 15.

Fimmgangsvængurinn var mjög brothættur, að undanskildum Gústafi Ásgeir og Sprotu, var fyrirséð að þeir gætu blandað sér í baráttuna, en flaggskipið vantaði í flotann þar sem Olil og Álfarinn höfðu ekki gefið kost á sér í landsliðið en undirritaður hafði góða tilfinningu fyrir því að möguleiki væri á því að fá hana til að breyta um skoðun og var þar af leiðandi allt opið fram á lokadag með tilkynninguna þann 15. júlí þar sem hennar aðkoma breytti valinu á landsliðinu.

Gæðingaskeiðið, þar var veikur hlekkur sem landsliðspjálfari var að reyna að finna lausn á. Var undirritaður búinn að vera í sambandi við Bergþór Eggertsson með hestinn Besta í landsliðið og tengdi það jafnframt að möguleiki væri að fá afnot af Dynfara, keppnishesti Bergþórs, inn í landsliðið með öðrum knapa. Þau trúnaðarsamtöl töku þó svolítinn tíma þar til samþykki lá fyrir og var þá Teitur efstur á blaði hjá þjálfara sem rétti knapinn á hestinn og hafði þjálfari samband við Teit í kjölfarið sem fékk það sem himnasendingu, frábæran hest og sæti í landsliðinu og samþykkti Bergþór það útspil.

Önnur pör í landsliðinu voru valin í meginþráttum vegna heildarárangurs í keppni:

- Árni Björn Pálsson og Flaumur, V1 og T2
- Olil Amble og Álfarinn, F1, T1 og PP1
- Jóhann R Skúlason og Finnbogi, T1 og V1
- Guðmundur Björgvinsson og Glúmur, 100m og 250m skeið
- Bergþór Eggertsson og Besti, gæðingaskeið
- Ásmundur Ernir Snorrason og Frægur, T2 og V1
- Teitur Árnason og Dynfari, allar skeiðgreinar.



Í ungmannaflokkinn (unglingaflokkinn) 16-21 árs fór valið fram með markvissum hætti:

Ásdís Elvarsdóttir og Koltinna voru valdar fyrir T1 og V1 sem stóðu sig firnavel í gegnum mótin og var sterkasta von í þessum greinum.

Glódís Rún Sigurðardóttir og Trausti í fimmgangsgreinar, nýtt par sem sannaði sig eftirminnilega í mótaröðinni.

Hákon Dan og Stirnir í T2 og V1, nýtt par sem komu mjög sterkt út, á hraðri uppleið.

Ylva Guðrún og Bjarkey í fimmgangsgreinar, voru búnar að standa sig á löngum ferli með miklum ágætum og unnið flesta sína mótherja í fimmgangsgreinum.

Benjamín Sandur og Messa í skeiðgreinar, stóðu sig frábærlega í gæðingaskeiði og voru þar í sérflokki.



Önnur ungenni voru mjög vel ríðandi sem komu mjög sterkt til árita eins og Telma og Bósi í fimmgangsgreinar, Gyða og Skálmöld í fjórgangsgreinar svo eitthvað sé nefnt. En þessi ungmannaflokkur er í heild sinni mjög frambærilegur og sterkur.

Landsliðið valið og undirbúningsvinna hafin fyrir HM

Strax og val á landsliðinu lá fyrir þann 15. júlí 2019 hófst undirbúningur með knapa, kortlagning á keppnisgreinum hvers og eins ásamt undirbúningi með hrossin, fjárlun, fundahöld um fyrirsjáanleg atriði jafnt sem ófyrirséð sem upp gætu komið þegar á erlenda grundu er komið. Var sá verkþáttur í höndum þjálfara í megindráttum og jafnframt að skipuleggja hverjir/hver færð með flugvélinni út og hverjir tæku á móti hestunum þegar lent væri í Liege í Belgíu ásamt öllu því sem til fellur, eins og skoðun á búnaði fyrir brottför, reiðtygjasöfnun sem var saman safnað og komið á einn stað í Líflandi, þar þurftu knapar að skila af sér öllu því sem tilheyrði knapa og hrossi til að geta hafið keppni.

Eins og að venju var fengið hey frá **Vilhjálmi Þórarinssyni í Litlu-Tungu** sem hefur staðið dyggilega við bakið á okkur mörg undanfarin heimsmeistaramót. Jafnframt stóð knöpum til boða að heyja hesta sína á því heyi fyrir brottför hér heima til að venja þá við heyið, úrvalshey.

Um útflutninginn sáu þau **Kristbjörg Eyvindsdóttir og Gunnar Arnarson í Grænhól** eins og undanfarin ár og fór dýralæknisskoðunin fram þar föstudaginn 19. júlí á vegum MAST, jafnframt var okkar **trúnaðardýralæknir Helgi Sigurðsson** á staðnum og sérskoðaði öll keppnishrossin sem fóru frá Íslandi með það í huga að þau þyldu það keppnisálag sem þau voru að fara í og væru í topp keppnisstandi.





Kristbjörg Eyvindssdóttir



Að sjálfsögðu ríkti algjör trúnaður milli læknis og þjálfara. Upp komu því miður þó nokkur dæmi um að röspun á tönnum var ábótavant og ýmsir áverkar í munni á misjöfnu stigi sem þurfti að yfirlfara og þurftu aðhlynningu.

Að lokinni þessari skoðun fóru knapar með sína hesta til síns heima og hófst þá kynning og fundir sem farið var yfir allskyns praktísk atriði allt frá því hvernig á að vefja fætur og tagl hesta, bætiefni, allt sem nauðsynlegt er fyrir hvern knapa að vita fyrir sinn hest og síðan praktískar aðferðir hvernig ætti að standa að brottför og lestun hestanna í góðana, móttökuna á þeim í Liege og afgreiðslu og lestun á flutningabílana og hvernig verkþættir skiptust á milli þeirra fulltrúa sem voru á staðnum.



Pann 27. júlí fóru 6 knapar sem fulltrúar hinna knapanna sem ekki komust með 27. júli. Þeir fóru utan degi fyrr en hestarnir til Liege til að vera við móttöku hestanna þegar lent yrði þar. Yfirumsjónarmaður hestanna í Liege var Arnar Bjarki Sigurðsson fyrir hönd landsliðsnefndar og þjálfara. Dvöldu hestarnir þar í sólarhring þar sem lent var upp úr hádeginu á sunnudeginum og tollafgreiðslan gat ekki farið fram fyrr en á mánudeginum. Kom þetta ekki að sök þar sem öll aðstaða var til mikillar fyrirmynadar, hestarnir gátu hvílst vel þar sem þeir áttu langt ferðalag framundan.

Kl. 06:00 að morgni 28. júlí fóru hestarnir frá Íslandi frá Keflavíkurflugvelli, þar sem hópur knapa og aðstandenda voru mættir til uppskipunar í góðana. Var það allt fyrirfram skipulagt af þjálfara og starfsmanni Cargo, Snorra G. Ólafssyni, raðað eftir stærð hrossanna og kyni. Gekk allt mjög vel, fulltrúar frá MAST fylgdust grannt með að allt færi rétt fram. Gekk allt eins og best var á kosið og var Árni Björn Pálsson fylgdarmaður fyrir hönd knapa með hrossunum út ásamt yfirumsjónarmanni lestunar hjá Cargo, Snorra G. Ólafssyni hestamanni og starfsmanni hjá Cargo. Allt fór þetta vel fram, engar óvæntar uppákomur.



Á mánudagsmorgni í Liege var Ingo Muller mættur með flutningabíla sína til að ferja hesta, hey og annan búnað sem fylgdi hestunum. Bílarnir voru hreinir og vottaðir, allt var til fyrirmynadar og gekk öll lestun vel fyrir sig, fagmenn á ferð, valinn maður í hverju rúmi, einn knapi fylgdi hverjum bíl með bílstjóra.

Teknir voru tveir bílaleigubílar sem restin af knöpunum fóru með. Fylgdu þeir bílunum í lest til að byrja með, leiðin var afar löng, 10 klst. akstur. Ekið var í samfloti dágóða stund en þeir fóru svo á undan og undirbjuggu móttöku hrossanna þegar á mótstað var komið. Enda er um að ræða 17 hross, stóðhestar, hryssur og geldingar, sem þurfti að fara fagmannlega með. Gekk þessi ferð vel og komu hestarnir vel á sig komnir til Berlínar og beið þeirra þar mjög gott atlæti miðað við

aðstæður, gott hesthús á góðum stað með viðrunargerðum með allt sér frá öðrum keppendum og rúmgóðar og stórar stíur, gott aðgengi að vatni og böðunaraðstaða fyrir hrossin.



Síðan var farið í að setja upp viftur í hesthúsinu og lýsingu bætt í stíur þar sem þurfti við. Knaparnir sem á undan fóru voru búinir að gera allt klárt þegar hrossin komu í hús eftir langt ferðalag. Þarna er komin mánudagsnótt og seinni hluti knapanna og liðstjórar og allt teymið í kringum liðið komu út á miðvikudag, þannig að allt var þetta á góðri tímaáætlun gagnvart keppninni.





Aðbúnaður hesta og móttstaðurinn í Berlín

Miklar umbætur hafa orðið á svæðinu frá því fyrir sex árum, aðbúnaður sem okkur Íslendingum var boðið uppá var mjög ásættanlegur miðað við það sem svæðið býður uppá, fengum við sótthreinsað og vottað hesthús með eins hesta stíum sem var aðskilið frá öðrum byggingum eins og best var á kosið á staðnum, afgirt með girðingum, vaktað svæði allan sólarhringinn sem mótið lagði okkur til. Stíurnar mjög rúmgóðar og aðstaða til að koma fyrir litlum tjöldum inn á milli hesthúsanna þar sem hægt var að hafa afdep fyrir okkur. Þar var komið fyrir ísskáp og borði fyrir okkur ásamt öðru tjaldi sem var við hlið hesthúss og þessa tjalds sem var okkar birgðastöð, sér baðaðstaðan fyrir hestana var algjör lúxus, nægt af rennandi vatni. Við innganginn inni í þessari aðstöðu var komið fyrir litlu salerni sem var eingöngu fyrir okkur sem nýttum þetta rými.

Eins og við mátti búast var heitt í Berlín á þessum tíma 24-30 stig og var ákveðið áður en lagt var af stað að fjárfesta í viftum sem komið yrði fyrir í hverri stíu hjá hverjum hesti til að loftið væri á hreyfingu og fæla flugur frá, jafnframt þurfti að bæta lýsingu inni í stíunum hjá hestunum, var þetta hluti af verkefnum sem knöpunum sem fóru á undan var falið að inna af hendi. Þeim var falið að koma fyrir auknum rafmagnsinnstungum sem við bættum við til þess að þessir viðbótahlutir gengju upp.

Í ca 100 m. fjarlægð var svæði til að setja upp viðrunargerði sem íslenska liðinu var úthlutað, þar voru búin til hólf með rafmagnsvírum þar sem knapar gátu viðrað hesta sína. Því miður var ekkert graslendi neins staðar til að leyfa hestum að grípa niður þar sem öll þessi gerði voru sandgerði.

Ný reiðhöll var í 40 m fjarlægð frá hesthúsini sem var verið að taka í notkun og þar voru Íslendingarnir með sér aðgengi inn í höllina með 3 stórar stíur ef upp komu einhverjar sérskoðanir, járnningar eða meðhöndlánir sem þurfti að framkvæma.



Dýralæknisskoðun mótsins fór fram skammt frá íslensku búðunum og fengu Íslendingar sem og endranær að njóta þess að vera sér. Kl. 06:00 að morgni, voru þeir fyrstir á dagskrá að láta heilbrigðisskoða hrossin. Stóðust öll hross heilbrigðisskoðun, munnáverkar sem voru til staðar hjá sumum hrossunum skráðir niður í skýrslur sem síðan fylgdu þeim hrossum inn í keppnina og flokkuðust að vera í lagi.

Allur aðbúnaður sem okkur Íslendingum var boðið upp á samanber, að leggja bílum sem knapar og landsliðsnefndin notuðu, hesthús, einangrunaraðstaðan og allt sem er búið að telja upp var gert af bestu kostgæfni eins og best væri á kosið miðað við aðstæður og samanborið við hin liðin þá stóðst það ekki neinn samanburð þar sem okkar sérstöðu var gert miklu betri skil af móttshöldurum, og tekið sérstaklegt tillit til okkar sérþarfa hvað sóttkvínna varðar.

Stutt var á keppnisvöllinn frá okkar aðstöðu og framan af á mótinu gátum við nýtt okkur risa stóra brokkbraut sem umlykur svæðið, vellir til fyrirmynadar, upphitunarvöllurinn í keppnisstærð og aðgengi beint af honum inná collect aðstöðuna, sem var til fyrirmynadar miðað við það sem áður hefur tifðkast hvað stærð varðar. Aðalkeppnisvöllurinn uppfyllti allar þær kröfur sem gerðar eru til vallar við slík tækifæri þó alltaf megi deila um hvort vellir eru of harðir eða of mjúkir og verður

seint fundinn samnefnari fyrir það, mundi þó þessi völlur flokkast undir það að vera af mýkri gerðinni, samanber hvað hann sporaðist upp við notkun. Á laugardegi fyrir mótið var opnað fyrir aðgengi knapa að almenningsgarði til þjálfunar sem tengdist svæðinu þar sem knapar komust burt úr áreitinu, gátu fundið sig og sinn hest við náttúrulegar aðstæður á reiðstígum inni í skóglendi.

Dómarar og starfsfólk mótsins

Það sem einkenndi þetta móti sérstaklega var notalegri aðkoma hvað varðar stífní í framfylgni á reglum, jákvæðni og velvild ríkjandi af hálfu starfsfólks og dómara, fótaskoðunarmanna, hringdómara og aðstoðarmanna þeirra að kalla í collect-hringinn, það einkenndist af lipurð og mannlegheitum.

Dómurum voru mislagðar hendur við dómstörf og oft á tíðum sást hróplegt misræmi í einkunnargjöfum sem ekki er boðlegt á heimsleikum og vekur það okkur til sterkrar umhugsunar og viðbragða til betrumbóta.

Upp komu atvik við skoðun eftir forkeppni hjá skoðunarfólki og yfirdómara þar sem knapar voru dæmdir úr leik vegna áverka sem í sumum tilfellum voru gamlir áverkar og höfðu farið í gegnum skoðun mótsins hjá dýralækni mótsins en fengu aðra túlkun hjá yfirdómara og hans starfsliði. Í nokkrum þessara tilfella sem undirritaður varð vitni að, þar sem vafi lék á um greininguna hversu alvarlegir áverkarnir væru, af hálfu yfirdómara og hans aðstoðarmanna, hafði þá knapinn og aðstoðarmaður engin úrræði að koma sínum málum á framfæri og varð að sætta sig við þann endanlega dóm að parið væri dæmt úr leik vegna áverka. Þetta sama par gat tekið þátt í næstu keppni sem það hafði skráð sig í sem oft var innan við 24 klst. síðar, en þurfti að mæta í dýralæknisskoðun kl. 06:00 hjá dýralækni mótsins til að fá staðfestingu á hvort hann stæðist skoðun til að fá leyfi til áframhaldandi keppni. Í öllum þeim tilfellum sem undirritaður varð vitni að fengu knaparnir að hefja keppni á sínum hesti í sinni keppnisgrein og leið þá jafnvel ekki sólarhringur frá því að yfirdómari og hans starfslið hafði dæmt það sama par frá keppni vegna áverka í annarri keppnisgrein.

Í því tilfelli sem íslenska liðið lenti í með Glódísi og Trausta í fimmgangi, þar sem þau stóðu efst eftir forkeppnina en voru dæmd úr leik vegna munnáverka í báðum munnvíkum sem einhværra hluta vegna láðist að skrá eftir fyrstu heilbrigðisskoðunina af dýralækni mótsins, þar sem um gamla áverka var að ræða. Fengu Glódís og Trausti, innan við sólarhring eftir að hafa verið dæmd frá keppni í fimmganginum, keppnisleyfi af hálfu dýralæknis mótsins þar sem hann taldi áverkana ekki þess eðlis að banna henni þátttöku. Í ljósi þessara niðurstaðna, sem eru mjög svo óásættanlegar þar sem niðurstaða yfirdómara og hans starfsfólks er endanleg eftir að skoðun er framkvæmd eftir keppni og hestur og knapi koma út af vellinum, að ekki skuli vera möguleiki á því að kalla til fagaðila, sem er dýralæknir mótsins, sem hefði loka úrslitaatkvæði.



Í okkar tilfelli var úrskurðurinn kærður, með þeim faglegu rökum að þegar um mat á áverkum á skepu sé dæmt og ráði um hvort keppnisferli viðkomanda sé lokið tímabundið eða alfarið lokið, þá sé til æðra dómstig sem hægt sé að kæra úrskurðinn til, þar sem er fagmaður, dýralæknir mótsins, þar sem alvarleiki dómsins sé það mikill gagnvart keppandanum. Það er ekki hægt að ætla fólk sem er ekki fagmenntað á sviði dýralækninga eða með svipaða fagþekkingu, að meta áverka og stigskipta þeim eftir alvarleika og dæma keppendur úr leik. Var kærunni hafnað og vísað frá á lagalegum forsendum þar sem FEI-reglurnar kveða á um að það sé endanlegur úrskurður yfirdómara sem sé lokastig og því vísað frá þeim möguleika að kalla til dýralæknir mótsins þar sem ekki er kveðið á um það í FEI-reglum.

Aðbúnaður og aðstaða íslenska liðsins á mótinu


Eins og áður greinir fóru Íslendingar með sitt hey að heiman og sáu um að skaffa þeim knöpum sem búsettir eru erlendis það hey sem þeir þurftu og vorum við í sérflokki með okkar hey því það hey sem mótið bauð upp á var óboðlegt keppnishestum. Lagt var upp með að allur annar búnaður

sem á þurfti að halda svo sem kraftfóður, vítamín, sem sumt var skaffað af styrktaraðilum okkar til knapanna, eða það sem uppá vantaði kæmu knapar sjálfir með. Þessir þættir voru í mjög góðu jafnvægi og engin vontun var þar á þar sem búið var að fara yfir þessa þætti gaumgæfilega áður en langt var af stað að heiman.

Mótið var með mótneyti á staðnum og voru allir knapar með stimpil á passa sínum inn á mótið með aðgengi að tveimur heitum máltíðum ásamt morgunverði, jafnframt höfðum við morgunverð á hótelinu inni í gistipakkanum okkar. Ekki er hægt að hrósa mótneytinu á mótsstað þar sem samskonar matur var á boðstólnum nær alla daga.

Sérstakt fundartjald var reist sem við höfðum fyrir okkur, þar sem áætlað var að halda alla fundi og knapar gátu hvílt sig ef á þurfti að halda en því miður var staðsetning þess á full afviknum stað, því var nýting þess ekki sem skyldi þó svo að það hafi komið sér að góðu í nokkrum tilfellum. Í þessu tjaldi voru stólar, ísskápur sem landsliðsnefnd sá um af mikilli kostgæfni að væri alltaf fullhlaðinn af drykkjum, orkudrykkjum, vatni, skyri, úrvalsáleggi, brauði og ávöxtum svo eithvað sé nefnt. Var því fylgt eftir af mikilli natni að ísskápar væru alltaf fullhlaðnir á báðum stöðum, tjaldið sem stóð utan sóttkvínnar og tjaldið sem var innan sóttkvínnar hjá hesthúsinu. Í birgðatjaldinu innan sóttkvínnar gátu knapar haft fataskipti og geymt persónulega hluti.





Hótelið gistiaðstaða og staðsetningin

Hótelið var staðsett í ca. 35-45 mín. akstursleið frá móttstaðnum og gat oft gengið seinlega að komast á milli staða. Lestir gengu á milli, helsti ókosturinn við að fara með lestinni var að það þurfti að skipta um vagn og hentaði sá fararmáti ekki keppendum og þeirra aðstoðarmönnum. Þannig að notkun bílsins var nauðsynleg og voru til staðar 4 bílar á vegum landsliðsnefndarinnar auk þess sem sumir knapar leigðu sér sjálfir bíl. Eftir á að hyggja hefði þurft að vera til staðar líttill rútubíll 7-8 manna sem hefði farið á föstum tímum miðað við dagskrá mótsins uppá móttssvæðið sem ákveðinn bílstjóri sinnti.

Leystust þessi mál, en Berlín er borg sem verið er að nútímovæða og er því alltaf verið í breytingum og endurbótum á vegakerfinu og lögnum sem orsökuðu tafir og hlóðu upp spennu við að ferðast á milli, en allt leystist þetta samt með góðum hætti. Það var ekki í boði að þjálfarar og knapar gætu farið af mótsvæðinu nema að reikna með löngum tíma til að fá sér pásu frá umhverfinu. Hótelið var í hæsta gæðaflokki þar sem allt var til alls og fátt annað en gott um það að segja nema fjarlægðin frá móttstað, það hefði verið æskilegra að hótelið hefði verið nær móttstaðnum.

Aðstoðarmenn liðsins

Pjálfari liðsins Sigurbjörn Bárðarson

Aðstoðarþjálfarar voru Arnar Bjarki Sigurðsson, Sigurður Vignir Matthíasson og Anton Páll Níelsson.

Þetta teymi var alveg frábært, samheldni, virðing og trúnaður ríkti 100% á milli þessara aðila og bættum við hvern annan upp. Skoðanamunur og allur ágreiningur leystur í sátt og samlyndi. Voru mörg erfið mál inni á borði hjá okkur og þurftu ákvarðanatöku við en ávallt var fyllsta traust okkar í milli þegar leysa átti málin.



Undirritaður kom á verkaskiptingu á milli aðstoðarmanna sinna, var Sigurður Vignir Matthíasson skipaður fulltrúi kynbótaknapa, síðan var öllu þjálfarateyminu deilt niður á keppendur, unnur allir samstíga að þjálfun hvers og eins við þjálfun liðsins, fórum við yfir ferli hvers knapa þannig að þjálfari liðsins hafði fulla yfirsýn yfir gang mála. Héldu þjálfarar að lágmarki einn fund á hverjum degi þar sem farið var yfir verklag hvers dags og áherslur í þjálfuninni þar sem allir voru samstíga og meðvitaðir um hvað væri í gangi og síðan haldinn fundur með liðinu. Virkaði þetta fyrirkomulag vel og hafði þjálfari liðsins sterka yfirsýn yfir allt sem var að gerast.

Trúnaðardýralæknir Dr. Helgi Sigurðsson

Starfaði allar götur frá því liðið var til. Sérskoðaði hann alla hesta, liðsins sem komu frá Íslandi, þeir voru skoðaðir í Grænhól og kannaði í hvívetna heilbrigði hrossanna. Var ekki vanþörf á þar sem töluberður hópur þurfti sérstakrar meðhöndlunar með tannröspun þar sem voru áverkar í munni hjá nokkrum hrossanna og aðrir hlutir sem Helgi tók á. Einnig fylgdi Helgi liðinu allan tímann á móttstaðnum og fylgdist með heilbrigði hestanna þar og hjálpaði til innan þeirra marka sem mótið setti honum.



Eftir á að hyggja sést hversu nauðsynlegur þáttur trúnaðarlæknisins er og herða þarf enn nú meir reglur yfir ástand keppnishrossanna sem veljast til fararinnar. Það sem okkur finnst léttvægt hér heima getur jafnvel verið brottvikning frá að hefja keppni á HM. Gildir það jafnt með hesta sem valdir eru á erlendri grundu, þar þarf okkar trúnaðarlæknir hér heima á Íslandi að vera í sambandi við erlendan dýralækni sem er næst þeim knapa sem velst varðandi heilbrigðisskoðun á þeim hrossum. Samstarfið við Helga var mjög gott, bæði fyrir og á meðan mótinu stóð. Öll mál sem að honum sneri lét hann til sína taka, s.s. sóttvarnir og heilbrigðisskoðun og allt sem viðkom keppninni. Án trúnaðarlæknis væri liðið ekki vel statt.

Járningarmaðurinn Erlendur Árnason

Kom að skoðun hestanna fyrir brottför í Grænhól 19. júlí og fór yfir járningarnar á flestum hestum liðsins. Hann fylgdi liðinu út og hafði hann í mörgu að snúast þegar út var komið, bæði hvað varðaði breytingar, lagfæringar og áréttningar á járningum. Til framtíðar þurfa knapar að vera miklu betur undirbúnir með járningar á sínum hrossum áður en farið er á stórmót eins og HM. Elli er afskaplega viðmótsþýður og þægilegur maður og nýttist til margrar hluta þegar á móttstað var komið og er góður liðsfélagi.



Sóley Margeirs dóttir var fulltrúi ungmenna og stóð hún sig með miklum ágætum. Hún var alltaf til staðar þar sem á þurfti að halda og sýndi sig hve þörfin er mikil fyrir yngri kynslóðina, og í þeim atvikum sem upp komu hjá tveimur knöpum. Auk þess sem hún gekk í önnur störf sem þurfti að sinna af jákvæðni.



Halldóra Ingvars dóttir

Sjúkraþjálfari hafði í mörg horn að líta enda fagmaður á sínu sviði. Ljúfur og góður liðsfélagi.

Ingvar Ingvarsson

Læknir liðsins, við höfðum aðgengi að honum eftir að mótið var sett ef við þyrftum á halda að halda af fenginni reynslu, en sem betur fer þurftum við aldrei á því að halda.

Af öðrum ólöstuðum eru þetta stöður sem þurfa að vera til staðar fyrir landsliðið.

Þegar komið er að **landsliðsnefndinni** sem slíkri sinnti hún ákveðnum störfum sem ekki eru alltaf sýnileg eins og utanumhald um alla flutninga, fjármál og fjároflun sjá um aðföng og veitingar, alla skipulagningu, móttöku gesta, skipuleggja alla viðburði. Hafði nefndin greitt aðgengi að skrifstofunni og starfsmönnunum LH, þeim stöllum **Hjörný, Berglindi og Vilfríði** sem voru boðnar og búnar til að aðstoða við allt sem var leitað til þeirra með, jafnframt því að Villa var “hirðljósmyndari” fyrir liðið og gilti það mánuði fyrir móti jafnt sem á mótinu sjálfu. Ekki má gleyma henni **Árnýju Oddbjörgu Oddsdóttir** sem var hægri hönd þjálfarans þegar á HM var komið, sá hún um alla skriffinnsku, afbókanir, utanumhald um allt, pósthólf frá mótsþöldurum, afskráningar og skráningar, enn einn ómissandi hlekkurinn í þessari liðsheild.



Ekki skyggir á neinn að nefna félagana og yfirburðarmenn, formann landsliðsnefndar **Kristinn Skúlasson** og **Guðna Halldórsson** sem voru boðnr og búnr í öllum redingum í öllu utanumhaldi fyrir og eftir mótið og leystu öll mál af mikilli kostgæfni, engin vandamál. Svo má ekki gleyma hve landsliðið var ánægt með fatapakkann enda engin furða þar sem smekkhjón áttu í hlut að vali hans þau **Kristinn og Drífa Dan**.



Ekki má gleyma þeim mörgu höndum sem lögðu hönd á plóg bæði úr landsliðsnefndinni og stjórn LH sem voru boðnir og búnir ef leitað var til þeirra.

Í þessari upptalningu sem engan vegin er fullnægjandi læt ég hér staðar numið hvað það varðar en færí öllum þeim sem hafa lagt hönd á plöginn miklar þakkir.

Afþreying og uppákomur fyrir liðið

Reynt var að brjóta upp mynstrið með því að fara með liðið í keilu.

Annan ágúst var skyldumæting í íslenska sendiráðið í Berlín. Á leið þangað voru teknar myndir af öllum við Branderborgarhlíðið, allir í sínu fínasta þússi, sínum búningum.



Þann 3. ágúst var sérstakt þjóðakvöld sem er fastur liður í dagskrá HM. Hvert lið tekur úr sínu heimalandi þann mat sem skapar hverju landi sína sérstöðu og býður til veislu, þar kom sérstaklega fram okkar gestrisni og ekki kom hún á óvart frekar en fyrri daginn þar sem við Íslendingar skárum okkur úr með stórveislu. Boðið var uppá marga síldarrétti, reyktan og grafinn lax, íslenskan

harðfisk og smjör, skyr, appelsín og malt og annað ”gúrmí” meðlæti sem stór hópur íslenskra sjálfboðaliða bar fram undir styrkri stjórn landsliðsnefndarinnar, stórglæsileg veisla og okkur til sóma.



Þjálfari liðsins ákvað að láta íslensku knapana ásamt aðstoðarfólki æfa tvö sönglög þar sem það væri skylda hverrar þjóðar að koma með skemmtiatriði sem var nú ekki reyndin en góð aðferð til að ná góðum anda upp í liðinu. Jafnt þeir þöglu og þeir glaðbeittu tóku þátt. Voru teknar æfingar á hótelinu og undirbúningur eins og úrslit væru í nánd, vakti þetta mikla hrifningu allra hinna þjóðanna, þetta sjálfgefna framtak íslenska liðsins og ætti að vera öðrum þjóðum til eftirbreytni á komandi HM.

Pjálfun liðsins á mótstað

Hrossin komu á mótstað á mánudagskveldi eftir langt og strangt ferðalag við þægilegar hitaaðstæður í kringum 25 gráður, mikið betra heldur en var búið að vera nokkrum dögum áður en þá var hitabylgja sem fór vel yfir 32 gráður. Knaparnir sem fóru á undan bílunum frá Liege voru búrir að gera allt klárt fyrir móttöku hrossanna og þegar hrossin komu var skipulega gengið í að koma hrossunum fyrir á sínum stöðum, allt gekk eins og best var á kosið.

Á þriðjudag var farið í að hreyfa öll hrossin labba með þau og losa um harðsperrur og stífa vöðva eftir flutninginn, knapar fóru að sinna þeim fyrirmælum sem þeim var uppálagt, að kynna sér aðstæður, velli og allt umhverfið, hvað það hefði upp á að bjóða og jafnframt þó að enn væri allt á fullu í að klára framkvæmdir hjá mótshöldurum. Eftir fyrirfram gerðu skipulagi, skiptust hestarnir niður á þá knapa sem voru þá þegar mættir og sáu þeir um að viðra og hreyfa öll hrossin jafnt fyrir þá sem komu með seinni hópnum á miðvikudag.

Miðvikudagurinn

Kom restin af liðinu og var eðlilega mikil spenna og eftirvænting að komast til hestanna og í kjölfarið markvisst farið á bak og byrjað að hreyfa þá.



Miðvikudagurinn var hugsaður sem frjáls dagur knapa og hests til þjálfunar og útiveru, aðlögunar að breyttu loftslagi og umhverfi. Að knapinn og hesturinn gætu verið þeir sjálfir í nýju landi við nýjar aðstæður. Þjálfarateymið var að sjálfsögðu að fylgjast með, bæði með ráðleggingar og taka út spennustig og ástand hestanna.

Þegar þarna var komið var landsliðsnefndin á fullu að fylla á ísskápana af drykkjavöru, ferska ávexti og aðra léttu matvöru sem gert var alla dagana allan tímann.



Farið var í að fylgja eftir þeim samþykktum að heiman, klára að kaupa restina af viftunum og ljósum, setja upp í knapatjöldin og hesthúsin, var fyrst byrjað á nokkrum viftum en síðar sást hver þörfin var mikil og var farið í að setja viftur yfir hvern hest í hverri stíu og jafnframt lýsing bætt. Ekki var vanþörf á því.

Trúnaðardýralæknir okkar Helgi Sigurðsson, fór strax í að koma fyrir sótthreinsunarkörum, fyrir knapa og “grooma “sem gengu um hesthúshliðið jafnframt því sem inngönguhliðið var þrengt, sitthvoru megin voru kör sem allir þurftu að stíga í, sótthreinsandi vökvi, fara í karið þegar farið var inn á sóttkvíarsvæðið og öllum skipað að nota handspritt samhliða, var þessu fylgt fast eftir allt mótið af Helga hálfu og sá hann um að fylla á og að aldrei kæmi upp að vontun væri á sótthreinsivökva í körunum.

Skyldufundur var með þeim knöpum sem voru mættir á staðinn og farið yfir verkferla hjá hverjum fyrir sig sem og markvissri aðkomu að sínum eigin hestum. Brýnt var fyrir þeim að gæta háttvísí gagnvart móthöldurum og öðru starfsfólki. Skipulögð vinnudrög voru dregin upp fyrir næstu daga og þjálfarar skiptu sér niður á knapa eftir þörfum til aðstoðar og héldu yfirliti yfir hópinn.

Allan tímann þegar þjálfunin var með skipulögðum hætti inni á völlunum nutum við dyggrar aðstoðar þeirra landsliðsnefndarmanna sem komnir voru á svæðið sem var mikil þörf á.

Fimmtudagurinn

Hófst þá markviss þjálfun knapa og hests. Ekki var búið að gefa út neitt plan með þjálfunartíma frá móttstjórn. Var það allt í burðarliðnum þannig að knapar voru hvattir til þess að nýta sér þau forréttindi og fara inná vellina þó svo að áreiti væri af iðnaðarmönnum á svæðinu, og var það svo sem góður undanfari og gott fyrir þá, vegna þess sem átti eftir að verða, allt það áreiti sem yrði á öllu svæðinu þegar mótið væri hafið.

Þarna á fimmtudeginum var allt kerfið farið að virka, þ.e.a.s. trúnaðardýralæknirinn okkar Helgi Sigurðsson var búinn að heilsufarsskoða öll hrossin og ástand þeirra og var hópurinn allur, að undanskyldu einu hrossi, í góðu lagi og tilbúinn að hefja þjálfunina. Þetta eina hross var Bjarkey hjá henni Ylfu í ungmannaflokknum þar sem ólga var í maga á henni eftir flutninginn sem gat hafa

komið út af breyttu fóðri, spennu eða loftslagsbreytingum, taldi Helgi því ekki ráðlagt að ríða henni þannig að hún þurfti að vera í hvíld. Önnur hross fóru vel af stað og sum þeirra ótrúlega hress eftir svona langt ferðalag, gekk þessi dagur vel fyrir sig að öðru leyti þar sem knapar voru almennt nokkuð sáttir við hrossin sín þó að spennu gætti hjá sumum knöpum samhliða hrossum.

Þennan dag var formleg opnun svæðisins fyrir keppnishross og knapa allra þjóðanna. Teitur og Bergþór bættust í hópinn sem utanbúðarmenn, voru þeir með sín hross þar sem hinari þjóðirnar voru, þ.e **ekki inni á einangrunaraðstöðunni**.

Landsliðspjálfari lét knapa kjósa hesthússtjóra og jafnframt fulltrúa knapa ef eitthvað kæmi uppá sem tengilið til þjálfara, varð fyrir valinu Guðmundur Björgvinsson.



Búið var að opna mötuneytið á staðnum svo allir gátu fengið sér að borða þar sem þeir höfðu ótakmarkað aðgengi að því.

Utanbúðarmenn, Beggi, Jóhann R, Teitur, Tryggvi og Þórður fengu allt það hey sem þeir þurftu á að halda sem kom frá Íslandi, þeir fengu það sett yfir á sitt svæði í stórböggum. Enda ekki vanþörf á því heyið sem mótsaldarar buðu uppá var til háborinnar skammar. Jafnframt var deilt til þeirra bætiefnum sem íslenska liðið fékk frá styrktaraðilum hér að heiman og öllum þeim hlunnindum sem hinir knaparnir fengu. En þar sem þeir höfðu ekki aðgengi að hesthúsini í sóttkvínni höfðu þeir fullt aðgengi að fundartjaldinu sem var utanbúða, þar var ísskápur með öllu sem þeir fengu afnot af. Það var gætt sérstaklega að því að engin mismunun ætti sér stað milli knapa.

Í lok hvers dags var haldinn fundur með öllum knöpum og farið yfir daginn og farið yfir þau vandamál sem upp komu og það sem betur mátti fara og vel fór og skipulag næsta dags sett upp.

Föstudagurinn

Þjálfarateymið var búið að kanna hvort möguleiki væri á að komast í útreiðartúr á hestunum í almenningsgarði sem tengdist mótsvæðinu, lá það ekki ljóst fyrir á þessum tímapunkti þannig að áframhaldandi þjálfun þurfti að fara fram á afmörkuðu svæði á móttstaðnum. Fyrirspurnum var ítrekað ýtt til móttstjórnar sem var ekki orðin fullstarfhæf á þessum tímapunkti um hvort hægt væri að komst í „garðinn”.

Haldið var áfram að vinna í hestunum án þess að vera komin í markvissa „prógrammsþjálfun“ og meira verið að liðka og losa um og þjálfa gangtegundir án þess að vera þjálfa kerfisbundið keppnisform gangtegundanna.

Á þessum tímapunkti var ekki komið reiðleyfi hjá Ylfu og Bjarkey, að öðru leiti góður dagur, kynbótahross sem og önnur hross gera sig vel, og komið reglulegt verklag á þjálfun hrossanna.

Tryggvi og Þórður komnir á svæðið með sín kynbótahross. Eins og með Begga og Teit eru þeir ekki inni á sóttkvíarsvæðinu.

Í lok hvers dags fastur fundur með öllum knöpum og skipulag næsta dags sett upp.

Laugardagurinn

Knapar voru hvattir til að mæta á keppnisvellina, venja hestana við allt áreiti á staðnum, úthlutun æfingatíma liggur fyrir, flest allir knaparnir nýttu sér aðalvöllinn til æfinganna en kynbótaknapar nýttu sér beinu brautina og voru þeir meira farnir að keyra á þjálfun þar sem þeirra sýningar byrjuðu strax á mánudeginum.



Ylfa fær brúkunarleyfi á Bjarkey, allt gekk að óskum og markviss umgjörð komin í kringum alla þjálfun þar sem knapar eru með misjöfn hross og kom það í hlutskipti þjálfaranna að aðstoða við, ýmist hægja á þjálfun eða breyta um áherslur þjálfunarinnar og skipuleggja framhaldið með tilliti til hvenær hver og einn hæfi sína keppni.

Jóhann R. kominn á svæðið eftir að hafa ekið aðfararnótt laugardagsins, hestur og knapi að jafna sig eftir flutninginn og taka sér frí þann daginn.

Þegar hér var komið var búið að gefa leyfi frá mótsstjórn um að ríða í almenningsgarðinum sem bauð upp á marga góða stíga og götur til þess brúks og nýttu knapar sér það óspart.

Íslendingar fengu úthlutað fyrsta æfingatíma dagsins, hluti knapanna kusu að fara inn á aðalvöllinn og aðrir á æfingavöllinn, skeiðbrautin nýtt bæði fyrir kynbótahrossin og skeiðhestana, þjálfarar þurftu að skipta sér niður með knöpunum á vellina.

Fundur með öllum knöpum og farið yfir daginn og skipulag næsta dags sett upp.

Sunnudagurinn:

Mótið sett með hátíðlegri athöfn þar sem þjálfarar og liðsmenn gengu prúðbúnir inná leikvanginn.

Markvissar æfingar og flestir knapanna riðu „prógrömm“

Ylfa tekur „prógramm“ á Bjarkey, verður fyrir því óhappi að hún grípur á sig uppá legg, seinna um kvöldið bólgnar hún illa og allt var reynt til hins ýtrasta innan leyfilegra marka, svo sem leiser, bólgueyðandi, bakstar og annað slíkt, hryssan var hölt og náði aldrei að hefja keppni vegna áverkanna, var úr leik.



Annað atvik kom upp með stóðhestinn Nóa frá Stóra-Hofi hjá Árna Birni, þar sem lítilsháttar áverki, sár á kjúku sem var frá Íslandi, sem virtist ekki merkilegt en byrjaði að koma ígerð í sírið. Hesturinn fór í byggingardóm á mánudeginum en versnaði það mikið að hann var ekki hæfur til sýningar og því úr leik.



Þarna á sunnudeginum nýttu ekki allir knapar sér keppnisvöllinn.

Fundur var með öllum knöpum og farið yfir daginn, skipulag næsta dags sett upp.

Kl. sjö á sunnudagskveldi var boðið til knapafundar með tveimur knöpum frá hverri þjóð sem er föst venja og kosinn fulltrúi knapa til að starfa með mótanefndinni ef upp koma kærur og annað slíkt og mættu fyrir okkar hönd Olil Amble sem okkar fulltrúi og Guðmundur Björgvinsson með henni og var stungið uppá Olil til starfans sem hlaut rússneska kosningu sem fulltrúi knapa með miklu lófaklappi, varamaður með henni Mike Adams frá Bretlandi.

Mánudagur til sunnudags – keppnisvika

Mótið hafið og í lok hvers dags alltaf fundir, föst rútfína á öllum hlutum, hver og einn veit sitt verksvið og sérþörfum hvers og eins sinnt.

Síðasti fasti æfingatími sem liðið hafði til afnota var á mánudegi og á fundinum á sunnudagskvöldinu var knöpunum raðað niður á tíma eftir óskum þeirra.

Fundir sem oftast fóru fram í knapatjaldinu, með nokkrum undantekningum niðri á hótelinu, héldu áfram í fastri rútfínu alla daga mótsins.

Síðasti dagur formlegra æfinga þar sem liðin fá úthlutað sérstökum tímum á völlunum. Eðlilega á þessum tímapunkti við æfingarnar var spennustig knapa farið að hækka verulega þannig að það kom í hlut þjálfara að íhlutast til með ýmsar uppákomur, varðandi reiðmennsku/þjálfun og grípa inn í, má leiða að því líkum að með slíkum inngrípum hafi heimsmeistaratitum verið hjálpað að lenda okkar megin.

Allt frá laugardegi fram í miðja viku eftir að keppnin hófst voru frjálsir æfingatímar á vellinum, frá kl. 5 að morgni til 7, þeir tímar voru nýttir af liðinu alla þá daga, þannig að vera landsliðsþjálfara á svæðinu, allt frá laugardegi fram að lokadegi mótsins spannaði þennan tíma frá kl. 5 að morgni til 10 að kveldi. Mikil viðvera, aldrei hægt að komast frá í kyrrð vegna fjarlægðar frá móstað, hefði verið gott að vera með eitthvert afdrep til að henda sér niður. Þetta var orðið 17 klst. úthald hvern dag sem er með öllu óboðlegt.

Byggingadómar kynbótahrossa hófust í dag mánudag. Var búið að æfa uppstillingu í sérstöku tjaldi á mótssvæðinu þar sem dólmarnir fóru síðan fram þar sem fólk sat og fylgdist með jafnt á skjám og úr sæti, fáguð og flott umgjörð sem kom vel út.

Árangur liðsins:

Þegar litið er yfir heildarárangur liðsins í sportinu, má segja að hann sé nokkuð ásættanlegur, ýmsir hlutir gengu eftir eins og upp var lagt með og aðrir ekki. Má segja að fátt hafi komið þjálfurum á óvart nema þá helst síðustu tvær keppnisgreinar mótsins.

Olil og Álfarinn stóð efst í fimmgangi

Eftir glæsilega forkeppni og héldu þau dampi eftir glæsilega sigurgöngu á öllum þeim móturnum sem hún tók þátt í, par sem stóðu miklar væntingar til en kom mjög á óvart að í úrslitunum gengu hlutirnir ekki sem skildi og enduðu þau í 6. sæti. Vist er að knapinn lagði sig allan fram og gerði sitt eftir bestu getu.



Gústaf Ásgeir og Sproti stóðu sig frábærlega, ungt par að koma upp úr ungmannaflokki og riðu sig beint inn í A-úrslitin á heimsleikum, frábær árangur, lönduðu 5. sæti í úrslitunum.



Árni Björn og Flaumur í fjórgangi

Stóðu efstir eftir forkeppnina, afrekspar að heiman, voru með glæsta sigurgöngu á s.l. tveimur keppnistímabilum hér á Íslandi sem miklar væntingar voru til stóðu. Þeir efstir í fjórgangi eftir forkeppnina. Í úrslitunum hjá þeim gengu hlutirnir engan veginn eftir eins og lagt var upp með, og lentu þeir í 5. sæti í úrslitunum.



Allt á það sér sínar skýringar sem hægt er að draga lærðom af, vist er að knaparnir gerðu sitt besta en oft dugir það ekki til þannig er bara íþróttinni háttað, ekkert er fyrirsjánlegt.

Jóhann R og Finnbogi í fjórgangi

Stóðu sig með eindænum vel og voru varaskeifa í fjórgangnum ef eithvað færí úrskeiðið hjá Árna B og Flaumi. Voru þeir í öðru sæti eftir forkeppnina. Þar sem hlutirnar gengu ekki upp hjá Árna B og Flaumi, tóku Jói og Finnbogi við og lönduðu sigri með glæsibrag.



Jóhann R og Finnbogi í töltinu

Voru okkar eina par sem við tefldum fram í tölti og sannaðist það að fjöldinn skiptir ekki máli heldur gæðin, stóðu þeir efstir eftir glæsilega forkeppni og í úrslitunum var þeim aldrei ógnað og lönduðu þeir glæsilegum sigri, samtals var þetta par komið með 3 gull. Með fullt hús stiga, gull fyrir töltið, fjórgang og samanlagðar fjórgangsgreinar, frábær árangur.



Jakob Svavar og Júlía T2

Stilltum við upp þessu frábæra pari héðan að heiman, þau voru skráð í V1 og T2, en störtuðu bara í T2, riðu sig beint inn í A úrslitin eftir forkeppnina en enduðu í 5. sæti, þau náðu sér aldrei á strik eins og vænst var af þeim sem á sér sínar skýringar þar sem að hryssan virtist ekki ganga heil til skógar.



Máni Hilmarsson og Lísbet

Keppti í T2 og V1, má að Máni hafi komist vel frá sínu verkefni með prúðmannlegri og góðri reiðmennsku þar sem því var náð sem hrossið bauð uppá. Náði ekki að komast í úrslit í hvorugri greininni og lauk þar með hans þátttöku.



Ásmundur Ernir og Frægur V1 og T2

Par sem hefur staðið sig eindæma vel í gegnum tíðina og voru gerðar væntingar til parsins bæði í T2 og V1, lento þeir í B úrslitum í báðum greinum. Í fjórganginum átti Ásmundur mjög góða sýningu sem hefði átt að duga honum beint inn í A úrslitin en því miður gekk það ekki eftir, og lenti hann í 6. sæti efstur inn í B úrslitin. Í B úrslitunum urðu þeim félögum á þau mistök í brokkinu sem kostaði þá aðild inn í A úrslitin. Lauk þeirra keppni með 7. sæti í V1 og B úrslitin í T2. Má því segja að þetta farsæla par héðan frá Íslandi höfðu ekki heilladísirnar með sér á HM eins og von var til.



PP1 Gæðingaskeið Þrír keppendur hófu keppni þar.

Konráð Valur og Losti.

Fór fyrsta ferðin forgörðum, var þá ákveðið að seinni spretturinn yrði æfingaspáttur fyrir 100m skeiðið en því miður fór sá sprettur einnig forgörðum, voru þeir félagar settir í sérmeðferð með þjálfunarprógramm fyrir 100m skeiðið eftir þetta.

Bergþór og Besti

Stóðu undir væntingu í gæðingaskeiðinu og skiliðu sínu besta skori og verðskulduðu 3. sætið.



Teitur og Dynfari

Voru sérstaklega valdir í liðið til höfuðs heimsmeistararanum Magnúsi Skúlasyni frá Svíþjóð sem var eitt af höfuðvígjum HM að vinna. Áttu Teitur og Dynfari öruggan góðan fyrri sprett sem var allt of varlega riðinn og máttu sín lítils á móti mögnum öðrum spretti Magnúsar Skúlasonar fyrir Svíþjóð. Var því tekinn alvöru fundur með þeim Bergþór og Teiti fyrir seinni umferðina sem skilaði alvöru árangri þar sem Teitur sýndi og sannaði af hverju hann fékk farseðil með liðinu. Þarna landaði hann **gullinu** í gæðingaskeiðinu, glæsilega riðið, heimsmeistaratitill í höfn.



250m skeið

Stilltum við upp kraftmiklu liði. Ákveðið var að hvíla Konna og Losta og einblína á 100m fyrir þá. Aðalgrein hjá þeim Guðmundi og Glúmi og Bergþóri og Besta, aukabúgrein hjá Teiti og Dynfara. Skemmt er frá að segja að Bergþór leiddi eftir fyrsta daginn og Teitur náði tíma undir 23 sek, sem voru ágætismál, Guðmundur og Glúmur náðu sér ekki á strik.

Seinni umferð daginn eftir, þá snrist dæmið við **Guðmundur** sýndi af hverju hann var valinn í liðið og innsiglaði yfirburðarstöðu sína og kom með tíma **21,8 sek** sem dugði okkur til 1. sæti og **gull**, heimsmeistaratitill í höfn.



Bergþór og Besti 22,3 sek og 4. sæti, Teitur og Dynfari 22,65, voru rétt utan við verðlaunapallinn, árangurinn í skeiði var glæsilegur.

100m skeið

Tóku þátt allir okkar skeiðhestar á sunnudeginum.

Guðmundur og Glúmur létu sér nægja gullið í 250m skeiðinu, náðu ekki árangri í 100m skeiðinu, það hefði verið spennandi að sjá það heppnast þar sem þeir eiga Íslandsmeitið í greininni.

Bergþór og Besti náðu sínum besta tíma, sem skilaði sér ekki í verðlaunasæti enda var þetta aukagrein hjá honum. Teitur og Dynfari gerðu jöfnun á sínum besta árangri í þessari grein, ekki var búist endilega við að hann blandaði sér þar í toppbaráttuna.

Konráð Valur og Losti gerðu sér lítið fyrir og lágu annan sprettinn og náðu besta tíma og **lönduðu gulli og heimsmeistaratitli** eins og væntingar stóðu til í byrjun ferðar. Frábær árangur hjá þessum unga skeiðreiðmanni.



Þegar litið er yfir árangurinn í meistaraflokknum má vel við una að hafa náð 6 heimsmeistaratitlum af 9 mögulegum.

Ungmennahópurinn stóð sig með mikilli prýði, 4 ungmenni af 5 hófu keppni, eins og hér að ofan greinir.

V1 fjórgangur

Ásdís Ósk og Koltinna náðu feikna góðri sýningu og fóru beint inn í A úrslitin.



Hákon Dan og Stirnir gerðu góða sýningu og riðu sig beint inn í A úrslitin.

Í A úrslitunum riðu þau Ásdís og Koltinna, Hákon Dan og Stirnir með topssýningar og höfnuðu saman í 3-5 sæti, glæsilegar sýningar hjá þeim báðum, mjög sterk úrslit og þau áttu við ofurefli að etja, líttill einkunnarmunur var á milli keppendanna.



F1 Fimmgangur

Glódís Rún og Trausti áttu glæsilega forkeppni og stóðu efst eftir sína sýningu en eins og að ofan greinir eftir skoðun yfirdómara og teymi hans var hún dæmd úr þessari keppnisgrein vegna áverka í munni, var þetta reiðarslag fyrir ungan knapa að standa efstur og dæmd frá og reiðarslag fyrir okkur að sjá af henni inn í þessi úrslit því hún var verðugur fulltrúi þar og átti góða sigurmöguleika.



T1 tölt.

Þar reið okkar fulltrúi **Ásdís og Koltinna** sig beint inn í A úrslitin með glæsibrag, í A úrslitunum háði hún harða og drengilega baráttu og endaði í 2. sæti þar.

Með hennar glæsilegu frammistöðu samanlagt út úr þessum fjórgangsgreinum endaði hún í 2. sæti í samanlögðum stigum, prúður knapi og góður fulltrúi okkar lands.

T2 slaktaumatölt.

Þar voru við með einn fulltrúa. **Hákon Dan og Stirnir** stóð hann sig með miklum ágætum enn og aftur virtust örlagadísirnar honum ekki hliðhollar, samt reið hann sig beint inn í B úrslitin, en vann sig ekki upp úr þeim, flottur árangur hjá Hákon Dan þar sem hann stóð sig með mikilli prýði eins og öll okkar ungmenni gerðu.

PP1 - Gæðingaskeið

Gæðingaskeið ungmenna, þar hóf okkar fulltrúi **Benjamín Sandur og Messa** keppni með glæsibrag. Hann gerði sér lítið fyrir og sigraði með miklum stael og landaði **heimsmeistaratitli** sem kom okkur ekkert á óvart því slíkt öryggi var hann búinn að sína hér heima á hryssunni sinni Messu frá Káragerði. **Frábært par heimsmeistarar í pp1.**



Tók Benni þátt í 250m skeiði og 100m skeiði og bætti sinn besta árangur héðan að heiman en hans verkefni var að verða heimsmeistari í gæðingaskeiði og þeim árangri náði hann.



Að lokinni keppni ungmenna sem gekk á með skini og skúrum eins og í fullorðinsflokknum megum við vel við una. Frábærir fulltrúar ungu kynslóðarinnar með fágaða og fallega reiðmennsku og horfum við björtum augum til framtíðarinnar það sem bar fyrir augu á þessum heimsleikum.

Einn heimsmeistaratill var í höfn, ungmennin stóðu sig frábærlega tvenn silfurverðlaun, auk B úrslitasætis verður að teljast gott miðað við að missa okkar two sterkustu knapa úr leik sem hefðu mjög líklega staðið á verðlaunapallinum eins og þær hafa svo oft gert áður.

Í lok mótsins voru veitt sérstök verðlaun fyrir fallega og fágaða reiðmennsku „**feather prize**“ og var okkar maður Jóhann R og Finnbogi tilnefndur, þar sem hann sýndi sérstaklega fágaða og fallega reiðmennsku og deildi hann þeim verðlaunum með Bernhard Poddlech og Keilu frá Þýskalandi, og var það vel valið, báðir tveir, fágaðir og sókndjarfir reiðmenn.

Og ekki versnaði það þegar Íslenska liðið hampaði liðabikarnum fyrir besta árangur samanlagt.

Þetta er besti árangur landsliðs Íslands frá upphafi á Heimsmeistaramótí. Sex gullverðlaun í fullorðinsflokki, ein gullverðlaun, tvö silfur og eitt brons í ungmennaflökk, liðabikarinn og „feather prize“ verðlaunin.



Kynbótahross: Pau stóðu sig með miklum ágætum, fulltrúar fyrir Íslands hönd á kynbótabrautinni. Ísland vann fjóra flokka af sex, frábær árangur og annað sæti í einum flokki og engan keppanda í 7 vetra og aldri stóðhesta, því miður þar sem Nói féll úr leik.

Mjallhvít frá Þverholtum, stóð efst í flokki 5 vetra hryssna, knapi Þórður Þorgeirsson.



Eyrún Ýr frá Hásæti stóð efst í flokki 6 vetra hryssna, knapi Eyrún Ýr Pálsdóttir.



Elja frá Sauðholtum stóð efst í flokki 7 vetra hryssna, knapi Árni Björn Pálsson.



Photo: Sofie Lahtinen-Carlsson, www.toltaren.com
Only to be used at www.eidfaxi.is

Spaði frá Barkastöðum stóð efstur í flokki 6 vetra hesta, knapi Helga Una Björnsdóttir.



Hamur frá Hólabaki, var annar í flokki 5 vetra stóðhesta, knapi Tryggvi Björnsson.



Elja frá Sauðholti var **hæst dæmda kynbótahross mótsins**.

Flottur árangur í kynbótageiranum.

NIÐURLAG.

Þegar litið er yfir vegferð landsliðsins í sinni heild blasir við gott og jákvætt móti, þar sem allir lögðu hönd á plógin og sköpuðu jákvæða og góða umgjörð þar sem góður liðsandi var ríkjandi og reynt var að mæta kröfum og þörfum hvers knapa og þeirra sem komu að landsliðinu og á móti að gera miklar kröfur um stundvísi, reglusemi í hvívetna í öllu sem sneri að landsliðinu og í kjölfarið fyllstu afköst.

Árangur liðsins er besti árangur landsliðs Íslands á Heimsmeistaramóti frá upphafi. Sex gullverðlaun í fullorðinsflokk, ein gullverðlaun, tvö silfur og eitt brons í ungmannaflokk og fjögur af sex kynbótahrossum voru efst í sínum flokki. Að auki hlaut íslenska liðið liðabikarinn sem stigahæsta liðið og íslenskur knapi hlaut reiðmennskuverðlaunin.

Ber að þakka öllum þeim sem komu að verkefninu og er það að bera í bakkafullan lækinn að telja það upp. En það er allt frá dyggum stuðningi þeirra sem fylgja landsliðinu á mótsstað, styrktaraðilum, sjálfboðaliðum, nefndarmönnum, knöpum og öðrum þeim sem gera ævintýrið að veruleika, sem hófst tveim árum fyrir heimsleika.

Ég sem þjálfari liðsins stand uppi stoltur með slíka liðsheild sem hér hefur staðið í brúnni og eru það forréttindi að hafa unnið með slíku fólki, færi ég því öllum þeim sem komið hafa hér að mínar bestu þakkir fyrir það framlag um leið og ég óska keppendum til hamingju með glæsilegan árangur og Íslandi til hamingju með landsliðið sitt.

Þjálfari íslenska landsliðsins

Sigurbjörn Bárðarson.